

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Seyðisfjarðar staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 10 25. janúar 1952 um heimilishjálp í viðlög-um til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 23. desember 1980.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

AUGLÝSING

um gjald til Almanakssjóðs.

Með skírskotun til 6. gr. laga nr. 25/1921, um einkaleyfi handa Háskóla Íslands til útgáfu almanaks, sbr. 9. gr. reglugerðar nr. 16/1922, hefur verið ákveðið, að gjald það, er greiða skal í Almanakssjóð fyrir hvert almanak, sem gefið er út eða flutt inn með sérstöku leyfi samkvæmt tóðu lagaákvæði, skuli frá 1. janúar 1981 og þar til öðruvísi verður ákveðið vera 30 nýir aurar fyrir hvert eintak.

Í menntamálaráðuneytinu, 8. desember 1980.

Ingvar Gíslason.

Árni Gunnarsson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 249 22. desember 1971
um niðurjöfnun og innheimtu vatnsskatts í Reykjavík.

5. gr. orðist svo:

Af öllum fasteignum, sem vatnsskattsskyldar eru skv. 1. gr. skal greiða vatnsskatt, sem nemur 0.130% (0.13 af hundraði) af heildarfasteignamati eignarinnar, þ. e. a. s. af mati mannvirkja ásamt mati lóðar.

Vatnsskattur skv. 1. mgr. skal hlíta eftirfarandi ákvæðum um minnsta- og mesta-gjald á rúmmetra í byggingum á viðkomandi lóð:

Íbúðarhúsnaði minnst 116.26 kr/m³ en mest 144.96 kr/m³.

Vörugeymslur minnst 81.98 kr/m³ en mest 155.14 kr/m³.

Aðrar byggingar minnst 103.08 kr/m³ en mest 155.14 kr/m³.

Aukavatnsskattur, sem greiddur er skv. 2. gr., skal vera kr. 79.44 á hvern rúmmeter vatns.

Lágmarks- og hámarksgjöld skv. 2. mgr. breytist árlega í hlutfalli við ákvörðun yfirfasteignamatsnefndar um framreikningsstuðla eftir tegundum eigna fyrir skráð matsverð fasteigna í Reykjavík.

Aukavatnsskattur, sbr. 3. mgr., breytist árlega eftir framreikningsstuðli, sem ákveðinn er af yfirfasteignamatsnefnd fyrir atvinnuhúsnaði.

Endurprentað blað.

Reglugerð þessi sem samin er og samþykkt af borgarstjórn Reykjavíkur staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15/1923. Jafnframt er úr gildi numin reglugerð nr. 58 12. janúar 1979.

Félagsmálaráðuneytið, 23. desember 1980.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð fyrir vatnsveitu í Hveragerðishreppi
nr. 158 25. nóvember 1948.**

13. gr. reglugerðarinnar, orðist svo:

Vatnsskattur skal vera 0.3% (0.3 af hundraði) af fasteignamati.

Lágmarksvatnsskattur skal vera kr. 18 000 og skal hann miðast við visitölu byggingakostnaðar 1. okt. 1980.

Ef fasteign sem greiða ber af vatnsskatt er ekki virt til fasteignamats, ákveður stjórn vatnsveitunnar skattinn.

14. gr. orðist svo:

Auk vatnsskatt samkv. 13. gr. skal greiða aukavatnsskatt af þeim húsum, er nota vatn til annars en venjulegra heimilisnota, vegna atvinnu, sem í þeim er rekin eða af öðrum ástæðum.

Af gróðurhúsum skal greiða kr. 120 fyrir hvern fermetra og breytist sú upphæð miðað við visitölu 1. okt. 1980.

Fyrir aðra notkun skal greiða gjald sem vatnsveitan ákveður.

Vatnsveitunni er heimilt að setja upp vatnsmæla, þar sem því verður við komið og henta þykir og skal þá greiða aukavatnsskattinn samkvæmt mældri notkun, eftir sérstakri gjaldskrá.

Reglugerð þessi sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Hveragerðishrepps staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 sbr. lög nr. 93 5. júní 1947 um aðstoð til vatnsveitna til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 23. desember 1980.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.